

Trúnaðarmannaráð Sameykis

27.nóvember 2025 kl. 13:15 15:25 í Háteigi – Grand hóteli og Teams

Fundarstjóri: Jenný Þórunn Stefánsdóttir

Dagskrá:

1. Formaður setur fundinn og fer yfir það sem er á döfinni
2. Skrifstofuhornið; Fjárhagsáætlun
3. Kjarahorn; Desemberuppbót
4. Starfshópar og nefndir
 - o Skemmtinefnd
 - o Vinnuhópur/rýnihópur um hvernig við virkjum ungt félagsfólk
 - o Þrýstihópur sem vinnur kröfugerð fyrir næstu borgar og bæjarstjórnarkosningar og heldur fund með frambjóðendum
 - o Kjara og starfsumhverfisnefnd
 - o Vaktavinnunefnd – þegar starfandi
 - o Umhverfis og loftlagsnefnd - þegar starfandi

Kaffihlé

5. Fyrirhugaðar lagabreytingar fyrir næsta aðalfund
6. Önnur mál.

1. Kári formaður fer yfir það sem er á döfinni:

Það eru sterk öfl sem vilja afnema áminningarskyldu sem Verkalýðshreyfingin er mjög á móti. Öflin vilja alls ekki að ýmis réttindi opinberra aðila fljóti yfir. Það er erfitt að ná málamiðlun í mál þar sem fólk er sagt ólöglega upp og aðilar saka hvern annan um hörku. Við munum fara með fleiri mál til dómsstóla. Stundum þarf það til að liðka fyrir störukeppninni sem er.

Póstmannafélagið – formlegar viðræður að þau gangi inn í Sameyki. Stjórnir beggja félaga búnar að samþykkja sameininguna, á eftir að bera það undir félagsmenn sem verður gert fljótlega. Póstmannafélagið er bara 350 félagar og standa höllum fæti í dag rekstrarlega. Þau eiga 7 orlofshús (kosti). Sameining ætti að vera hagur beggja. Trúnaðarmannaráð mun verða upplýst um framgang mála.

Ný vefsíða: nýtt viðmót og þjónustuviðmót.

Aðaltrúnaðarmaður Reykjavíkurborgar í 20% starfi. Auglýsing verður sent út í næstu viku. Starfsmaður í 100 % vinnu fer í 80% og svo er hitt 20%. Á eftir að ákveða nákvæmlega hvernig fyrirkomulagið verður. Ef það gengur vel munum við skoða það með aðra kjarasamninga að fá aðaltrúnaðarmenn. Sameignlega verður valið í starfið af starfsfólki Sameykis og fulltrúum Reykjavíkurborgar.

Starfsmannafélag Reykjavíkur hefði orðið 100 ára 17.janúar 2026. Af því tilefni verður haldin afmælishátíð í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Stofnun ársins: Hvatning til þátttöku.

Skrifstofa: Búið að ráða tvö í stað þeirra sem eru í fæðingarorlofi. Eiður Smári Haralds Eiðson leysir af Birnu Guðmundsdóttur og Ívar Örn Ívarsson mun leysa Jenný Stefánsdóttur af.

Lífeyrisdeildin: Stjórn Sameykis fundaði með stjórn Lífeyrisdeildarinnar um ýmis þeirra mál. Deildin fær ákveðið framlag úr félagssjóði og hugmynd að þau stjórn meira hvað peningar þeirra fara í. Talað um hlutverk trúnaðarmannaráðs – lífeyrisþegar eru ekki trúnaðarmenn og því er staða þeirra önnur og ekki eðlilegt að þau fái umbun eins og trúnaðarmenn.

Trúnaðarmannanámskeið. Mikil þátttaka. Einu sinni jólagjöf núna umbun eða laun. Við viljum hafa kerfið svona eins og við höfum það þ.e. miðað við önnur stéttafélög erum við með hæstu umbunina fyrir störf trúnaðarmanna. Svo var ákveðið að hafa hvatningu til að sækja fræðslu og hafa sérstaka umbun fyrir það.

2. Skrifstofuhornið - Fjárhagsáætlun til kynningar. Gunnsteinn framkvæmdastjóri fer yfir.

Áherslur á skrifstofu. Vefstjóri er ný staða í stað þess að kaupa þjónustu utan úr bæ. Ráðgjafateymið sem er fyrsta snerting félagsmanna þegar þeir leita til okkar virðist vera að reynast vel. Á næsta ári er gert ráð fyrir 25 starfsmenn séu á skrifstofunni. Útgáfustarfsemin hefur breyst, kynningin er meira rafrænt og minna á prenti.

Sameyki er stærsti eigandi Grettisgötunnar.

Orlofssjóður rekinn með hefðbundnu sniði. Tekin ákvörðun um að fjármagna framkvæmdir á Úlfjótssvatni með vinnudeilusjóði og endurgreiðist með markaðsvöxtum. Vinnudeilusjóður hefur líka fjárfest í öðrum fasteignum og orlofssjóður greiðir þá leigu.

Farið yfir viðhalds og nýbyggingaplan. Forsendur munu breytast ef Póstmannafélagið gengur í Sameyki. Þá bætast við 7 nýjar orlofseignir.

Spurt um lán í Vinnudeilusjóð – allt upp á borði og samráði við stjórn vinnudeilusjóðs.

Umræða um hvort tengja eigi Úlfjótssvatnshúsin við starf skátanna. Það er ekki fyrirhugað.

3. Desemberuppbót – Jenný Þórunn Stefánsdóttir lögfræðingur fer yfir greiðslur 1.desember.

Það gleymdist að uppfæra desember uppbótina miðað við styttingu vinnuvikunnar. Þeir sem eru í veikindaleyfi fá ávinnslu desemberuppbótar meðan þeir eru í starfssambandi og þ.a.l. meðan þeir eru í veikindaleyfi á vinnustaðnum.

Starfsmaður sem er í starfi fyrstu viku í nóvember á rétt á desemberuppbót miðað við fullt starf tímabilið 1. janúar til 31. október. Desemberuppbót er föst krónutala og tekur ekki breytingum samkvæmt öðrum ákvæðum kjarasamningsins. Skal hún greidd út eigi síðar en 15. desember 2025.

Tillaga úr sal við mikinn fögnuð að allir fái sömu desemberuppbót sem er sú sama og þingmenn fá.

Spurt hvort við séum með reiknivél, svarið nei en við hjálpum til við reikna út fyrir féлага.

4. Nefndir og hópar – Jakobína deildarstjóri félagsdeildar skráir áhugasama í hópa.

Skemmtilega nefndin: Garðar Svansson

Katrín Kristín Hallgrímsdóttir
Björg Snjólfsdóttir
Aníta Ósk
Heiða Sigrún Andrésdóttir
Eypór Agnarsson
Guðrún Stella S Þórisdóttir
Sólveig Fanny Magnúsdóttir

Vinnuhópur til að virkja ungt fólk:

Aníta Ósk Sæmundsdóttir
Guðrún Stella Þórisdóttir
Eypór Agnarsson
Birta Björg Heiðarsdóttir
Heiðbjört Ýrr Guðmundsdóttir
Tinna Marín Hilmarsdóttir

Þrýstihópur með kröfugerð fyrir Sveitastjórnakosningar:

Ármann Leifsson
Heiða Sigrún Andrésdóttir

Kjara – og starfsumhverfisnefnd:

Martha Kathleen Watts
Atli Steinn Árnarson
Monika Bereza

Vaktavinnunefnd þegar starfandi.

Umhverfis og loftlagsnefnd þegar starfandi.

5. Fyrirhugaðar lagabreytingar – Ingibjörg Sif Sigríðardóttir formaður laganefndar.

Helstu lagabreytingarnar sem verið er að vinna að eru að formaður verði kosinn í opinni kosningu með svokallaðri blandaðri leið þar sem trúnaðarmenn velja til starfa uppstillingarnefnd eða framboðsnefnd. Þá þarf formaður og stjórnarmenn að safna ákveðnum fjölda meðmælenda til að geta boðið sig fram í stjórn Sameykis. Þetta er í samræmi við það sem formaður Sameykis hefur rætt áður á fundum félagsins, að stjórnin hyggst opna félagið meira en áður svo félagsfólk geti sjálft haft aðkomu að kosningu í stjórn Sameykis með beinni hætti.

6. Önnur mál voru engin.